

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2021.

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar vegna kröfu um stöðvun framkvæmda í málinu nr. 8/2021, þar sem auglýst deiliskipulag fyrir svæðið sem afmarkast af Dunhaga 18-20 og Tómasarhaga 32-46.

Með tölvupósti dags. 18. janúar sl. sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg ofangreinda kæru ásamt stöðvunarkröfu. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til framkominnar kröfu um stöðvun framkvæmda og til vara um frestun gildistöku deiliskipulagsins.

Umsögn

Þann 7. október 2020 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillöggunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á þremur lóðum.

Borgarráð staðfesti samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. október 2020.

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í b-deild stjórnartíðinda þann 17. desember 2020.

Engin byggingar – eða framkvæmdaleyfi hafa verið gefin út. Séu einhverjar byggingarleyfis skyldar framkvæmdir hafnar getur byggingarfulltrúi e.a. stöðvað slíkar framkvæmdir.

Líta verður svo á að krafist sé frestunar réttaráhrifa deiliskipulagsins. Gildistaka deiliskipulags, eða deiliskipulagsbreytingar, felur ekki í sér heimildir til að hefja framkvæmdir heldur þarf til að koma sérstök stjórnvaldsákvörðun, sem kæránleg er til úrskurðarnefndarinnar og útgáfa byggingar- eða framkvæmdaleyfis í skjóli slíkrar ákvörðunar, sbr. 11. gr. og 13. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ljóst er því að hagsmunir kæranda knýja ekki á um slíka frestun. Reykjavíkurborg fer því fram á að kröfum kæranda sé hafnað.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður.